

## Viðauki við eigandastefnu ríkisins – Isavia ohf.

Í viðauka þessum verða sett fram sértaek viðmið og markmið varðandi eignarhald og stjórnarhætti Isavia ohf. Viðauki þessi, eða hlutar hans, verða uppfærðir eins oft og þörf krefur óháð breytingum á almennu eigandastefnunni.

Markmið eignarhalds ríkisins í Isavia ohf. er að tryggja að almenningi standi til boða örugg, hagkvæm og umhverfisvæn flugþjónusta með kerfi alþjóðaflugvalla hér á landi. Nánar tiltekið eru helstu markmið ríkisins með eignarhaldinu eftirfarandi.

### a. Sjálfbærni

- Að starfsemin verði í sem mestri sátt við umhverfið og stuðli að umhverfisvænni þjónustu við flugvélar og farþega og lágmörkun kolefnislosunar
- Að rekstur og fjárfestingar verði sjálfbær til lengri tíma

### b. Öryggi

- Að innviðir og starfsemi tryggi gæði flugleiðsöguþjónustu og hámarks flugöryggi
- Að Isavia veiti heildstæða flugvallarþjónustu fyrir millilandaflug þ.m.t. varaflugvallarþjónustu hér á landi

### c. Innviðir í þágu samfélags og atvinnulífs

- Að lykilinnviðir flugvallarkerfisins verði í opinberri eigu
- Að flugvallarkerfið verði virkur hluti öruggra og hagkvæmra samgangna innanlands og tengist öðrum almenningssamgöngum á landi
- Að stuðla að sýnileika íslensks samfélags, tungu, menningar, náttúru og framleiðslu í flugstöðvum

### d. Samkeppnishæfni

- Að skapa forsendur fyrir öruggt og hagkvæmt flug með fólk og frakt til lykiláfangastaða
- Að viðhalda og efla samkeppnishæfni landsins í millilanda- og tengiflugi
- Að stuðla að sjálfbærum vexti og viðgangi atvinnulífs

### e. Starfsemi og starfshættir

- Að starfsemin byggi á viðskiptalegum forsendum að teknu tilliti til samfélagslegs hlutverks eins og það birtist í eigandastefnu, samgönguáætlun og flugstefnu
- Að gætt verði að gagnsæi, jafnræði og samkeppnissjónarmiðum í þjónustu við flugrekendur og aðra aðila, við útleigu á aðstöðu, við útvistun rekstrar og vegna framkvæmda
- Að gætt verði hófs í markaðssetningu og verðlagningu þjónustu sem byggir á sérstökum réttindum eða aðstöðu

**Viðauki 2. við almenna eigandastefnu ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins****f. Arðsemi**

- Að arðsemi verði viðunandi til lengri tíma að teknu tilliti til hlutverks, áhættu og þarfa fyrir uppbyggingu
- Að hagnaður af rekstri verði nýttur til að byggja upp innviði sem mæta þörfum flugs, þ.m.t. varaflugvallarþjónustu, atvinnulífs og samfélags á hverjum tíma
- Að greiða eiganda hóflegan arð þegar fjárhagsstaða og fjárfestingaráform leyfa

**g. Nýsköpun og samstarf**

- Að þróa samstarf við opinbera aðila og einkaaðila um rekstur og þjónustu
- Að taka þátt í samstarfi um að efla flugsækna starfsemi í nágrenni flugvalla
- Að standa fyrir nýsköpun á lykilstarfssviðum